

**Ed. 228. Frumvarp til laga [201. mál]**

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1 gr. laga nr. 75/1983, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1985 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1985 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði um 1 580 m. kr. á árinu 1985 en samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1984 var innheimtan áætluð 1 166 m. kr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.